

Fjármálaráðuneytið  
Tekju- og skattaskrifstofa

18. apríl 2012

666.mál

**Efni: Kynning á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (undanþágur, endurgreiðslur o.fl.).**

Í því frumvarpi sem hér er kynnt er að finna ýmsar breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Breytingunum má skipta í þrjá meginflokkka.

- Í fyrsta lagi eru kynntar breytingar sem tengjast endurgreiðslu virðisaukaskatts til sveitarfélaga og stofnana eða félaga sem alfarið eru í þeirra eigu vegna innflutnings eða kaupa á sérútbúnum ökutækjum, tækjabúnaði og hlífðarfatnaði vegna slökkvistarfa o.fl.
- Í öðru lagi er lögð til tímabundin aðgerð til ársloka 2013. Lagt er til að við útreikning virðisaukaskatts verði heimilað að lækka tollverð eða telja til undanþeginnar veltu fjárhæð að ákveðnu hámarki við innflutning og skattskylda sölu nýrra rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiða að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
- Í þriðja lagi er um að ræða breytingar sem lagðar eru til út frá tillögum embættis ríkisskattstjóra.

#### **Endurgreiðsla til sveitarfélaga - slökkvibúnaður o.fl.**

Tillagan er lögð fram í kjölfar samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011 þar sem fjármálaráðherra, innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra af hálfu ríkisins og Samband íslenskra sveitarfélaga af hálfu sveitarfélaga gerðu með sér samkomulag um ákveðna verkaskiptingu. Í því ákvæði samkomulagsins sem lýtur að endurgreiðslu virðisaukaskatts voru aðilar sammála um að frá og með árinu 2012 skuli komið á fyrirkomulagi sem felst í því að endurgreiðslubeiðnir sveitarfélaga vegna kaupa á slökkvibúnaði verði afgreiddar með sama hætti og beiðnir björgunarsveita og annarra þeirra sem njóta slíkrar ívinnunar gagnvart virðisaukaskatti.

#### **Lækkun eða undanþága virðisaukaskatts vegna innflutnings og sölu nýrra rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiða.**

Lagðar eru til tímabundnar breytingar á lögnum er varða útreikning á virðisaukaskatti vegna innflutnings og sölu nýrra rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiða. Lagt er til að vegna álagningar virðisaukaskatts við tollafgreiðslu verði tollstjóra heimilt við útreikning virðisaukaskatts að lækka tollverð rafmagns-, eða vetnisbifreiða að hámarki um 6.000.000 kr. og tengiltvinnbifreiða að hámarki um 4.000.000 kr. Við skattskylda sölu slíkra bifreiða innanlands er lagt til að skattaðila verði heimilt við útreikning virðisaukaskatts að undanþiggja frá skattskyldri veltu fjárhæð að hámarki 6.000.000 kr. vegna rafmagns- eða vetnisbifreiða og að hámarki 4.000.000 kr. vegna tengiltvinnbifreiða.

#### **Aðrar breytingar – skilyrði endurgreiðslna og lagahreinsun.**

Um er að ræða breytingar er varða skilyrði fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts og breytingar á lagatilvísunum jafnt sem á orðalagi tiltekinna ákvæða laganna.